

ATVINNULÍF FRAMTÍÐAR – ÁHRIF KVENNA
Ráðstefna Kvennalistans 20. 2. 1993

Kristín Halldórsdóttir,
formaður Ferðamálaráðs:

FERDAPJÓNUSTA – ATVINNUGREIN KVENNA?

Í yfirskrift þessa erindis er sett fram sú spurning, hvort ferðapjónustan sé atvinnugrein kvenna. Að vissan hátt má segja, að aðstandendur þessarar ráðstefnu hafi svarað því jákvætt, a.m.k. fyrir sitt leyti, með því að setja yfirleitt á dagskrá umfjöllun um þessa atvinnugrein.

Mér vitanlega er ferðapjónusta lítið til umræðu á hinum ýmsu spástefnum og ráðstefnum, sem haldnar eru um vanda atvinnulífsins, né heldur í þeim nefndum, sem komið hefur verið á laggirnar til að leita leiða út úr vaxandi atvinnuleysi. Ferðamálaráð hefur reynt að vekja athygli á vannýttum möguleikum í þessari atvinnugrein og kalla eftir stuðningi við aðgerðir til þess að nýta þessa möguleika, en leiðslan er ótrúlega löng að skilningarárvitum þeirra, sem valdið hafa.

Petta sinnuleysi er raunar með ólíkindum vegna þess að þrátt fyrir öra þróun og ótrúlega mikinn vöxt í ferðapjónustu hér á landi á undanförnum árum biða vannýttir möguleikar í hrönnum. En áður en ég féri rök fyrir þeirri fullyrðingu minni, vil ég nefna hér nokkrar staðreyndir um þróunina í ferðapjónustu á síðustu árum.

Fjöldi erlendra ferðamanna hingað til lands rúmlega tvöfaldaðist á einum áratug (níunda áratugnum). Þeir voru nær 66 þúsund (65.921) árið 1980, en tíu árum síðar, árið 1990, var talan 141.717. Og ef við fórum – svona til gamans – enn lengra aftur, eða allt aftur til ársins 1960 (sem er nú ekki svo langt í hugum okkar rosknu kvennanna hér inni), þá voru erlendir ferðamenn 12.806 talsins.

Arið 1991 fjölgaði erlendum ferðamönnum enn, og urðu þeir þá 143.458 talsins, en á síðasta ári kom hins végar svolitið bakslag, reyndar ekki mikið, talan varð rétt innan við 143 þús. Nú, svo má ekki gleyma því, að íslendingar hafa einnig á þessu timabili stóraukið ferðalög um eigið land, en um það eru engar marktækjar tölur og erfitt að afla þeirra, og reyndar fer hlutur landans mjög mikið eftir veðurlagi, t.d. ferðuðust íslendingar greinilega mun minna um landið á sl. sumri en sumarið '91, þegar veðurguðirmir léku við hvurn sinn fingur.

En áfram með staðreyndirnar: Tekjur af ferðapjónustu hafa einnig aukist hröðum skrefum á síðari árum, og nú er svo komið, að ferðapjónusta – og takið nú eftir – ferðapjónusta er í 2. sæti af gjaldeyrisskapandi atvinnugreinum hér á landi, þ.e. næst á eftir sjávarútveginum (sjá bls. 6, Þórður Friðj.) A síðasta ári námu gjaldeyristekjur af ferðapjónustu nær 12 milljörðum króna, og er hlutur greinarinnar í landsframleiðslu frekar mikill í samanburði við ýms lönd, sem okkur er gjarnt að miða við (ath. kafla 2.6.)

Beinar tekjur ríkissjóðs, þ.e.a.s. innheimtur virðisaukaskattur af seldum vörum og þjónustu til erlendra ferðamanna að frádrégninni endurgreiðslu til þeirra, flugvallargjald og innritunargjald, þungaskattur og bensingjald, eru taldar hafa numið rúmum milljarði, liklega nær 1.2. milljörðum kr. á síðasta ári.

Loks er að nefna ársverk i ferðapjónustu, en þau eru nú talin um 6000 eða 4.8 % af vinnaflinu og hefur fjölgað mikið á síðustu árum.

Með tilliti til alls þessa verð ég að segja, að mér er óskiljanlegt tómlæti stjórnvalda um þá atvinnusköpun, sem möguleg er í ferðapjónustu. Rökin fyrir eflingu þessarar greinar eru augljós:

I 1. lagi skapar ferðapjónusta verulegar gjaldeyristekjur, sem við höfum mikla þörf fyrir, ekki síst með tilliti til minnkandi sjávarafla.

f 2. lagi skapa aukin umsvif í ferðaþjónustu tiltölulega mörg störf, og þau dreifast nokkuð jafnt um landið, sem er mikill kostur.

f 3. lagi er talið unnt að fjölgva verulega störfum í ferðaþjónustu án mikilla fjárfestinga í öðru en markaðssetningu og vörubróun. Það er nefnilega svo með ferðaþjónustuna eins og margar aðrar atvinnugreinar, að þar er töluvert um vannýttar fjárfestingar, einkum í hótel- og veitingaþjónustu.

f 4. og síðasta lagi, en þó alls ekki því sísta, þá skiptir ferðaþjónusta konur miklu mál, vegna þess að störf í ferðaþjónustu laða að sér konur í ríkum mæli. Þær starfa við ferðasölu, þær þjóna farþegum, þær eru leiðsögumenn og túlkar, þær starfa á hótelum og veitingastöðum, þær vinna við upplýsingaþjónustu, skipuleggja fundi og ráðstefnur o.fl. o.fl. Og þær þyrpast í allt nám, sem í boði er á þessu sviði. Liklega eru það fyrst og fremst samskipti við fólk, sem láta konum vel og laða þær að þessum störfum.

Öll þessi atríði, hvert fyrir sig og öll saman, gera eflingu ferðaþjónustu vänlegan kost í mínum augum. Og ég held ég segi það bara hréint út: Það er bjargföst skoðun mín, að það langskynsamlegasta og árangursríkasta, sem við gætum gert til þess að ráðast gegn atvinnuleysinu, og þá sérstaklega atvinnuleysi kvenna, væri að setja allnokkurt fé í markaðsöflun í ferðaþjónustu.

Ferðamálaráð hefur undanfarna mánuði unnið að stefnumótun í ferðamálum til aldamóta, bæði í landkynningar- og markaðsmálum og í umhverfismálum, sem er eðlilega afar mikilvægur þáttur í undirstöðum þessarar atvinnugreinar. A þeim vettvangi þarf að taka duglega til hendinni til þess m.a. að tryggja þá í mynd, sem við viljum að Ísland hafi, og ekki síður til að koma í veg fyrir spjöll af völdum ferðamennsku.

Stefnumótun ráðsins í markaðsmálum gerir ráð fyrir að hægt sé að skapa 2200 ný ársverk í ferðaþjónustu á næstu 8 árum og

taka þannig við fjórða hverjum nýliða á vinnumarkaði. Forsendan fyrir því væri 6% aukning erlendra ferðamanna árlega. Aukning starfa er áætluð í öllum greinum ferðaþjónustu, hótel- og veitingarekstri, flutningum, leiðsögn, skipulagningu og þjónustu vegna funda og ráðstefna o.s.frv.

Við áætlun þessarar tölu er tekið tillit til nauðsynjar aukinnar framleiðni vegna vannyttra fjárfestinga, fyrst og fremst í hótel- og veitingaþjónustu. Greinin muni þannig geta tekið við nokkurri aukningu ferðamanna áður en þörf skapast fyrir fleira starfsfólk. Þeim mun meiri ástæða er til að hefjast handa við markaðssetningu nú þegar.

Það er jafnframt skoðun Ferðamálaráðs, að án mikilla fjárfestinga annarra en í markaðssetningu sé unnt að nær tvöfalda gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu á næstu átta árum og auka beinar tekjur ríkissjóðs í 2,5 milljarða á árinu 2000. Og ég vil enn og aftur undirstrika mikilvægi þess að auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar, ekki síst með tilliti til minnkandi sjávarafla. Einnig er mjög æskilegt að fá íslendinga til að ferðast meira um eigið land og spara þannig dýrmætan gjaldeyri okkar.

Petta kunna að virðast óraunsæjar skýjaborgir, ekki síst að fenginni þeirri vitnesku, að erlendum ferðamönnum fækkaði á síðasta ári og tekjur minnkuðu. Þessi stefnumótun gengur hins vegar út frá ákveðnum forsendum og m.a. þeim, að stjórnvöld sýni skilning, áhuga og vilja til að ná þessum markmiðum. Það býðir ekki að sitja með hendur í skauti og biða þess að hlutirnir gerist.

Eins og ég sagði áðan, þá biða möguleikarnir í hrönnum, og sumum er vissulega verið að sinna. Sem dæmi má nefna aukna áherslu á að fá hingað ráðstefnur og fundi. Ráðstefnuskrifstofa Íslands var stofnuð á síðasta ári. Hún er samstarfsverkefni Ferðamálaráðs, Flugleiða, Reykjavíkurborgar, Félags ísl. ferðaskrifstofa, Sambands veitinga- og gistihúsa o.fl. og er ætlað að kynna þá möguleika til funda- og ráðstefnuhalds og

hvataferða, sem hér er að finna, og vinna að aukinni fagmennsku á þessu sviði. Fundar- og ráðstefnuhald er mjög mikilvægur og arðvænlegur þáttur ferðapjónustu. Flestar ráðstefnur eru haldnar utan háannatímans, en það er einmitt eitt mikilvægasta verkefnið að lengja nýtingartíma gisti- og veitingastaða og annarra fjárfestinga. Nú, ráðstefnugestir skilja tiltölulega mikið fé eftir í landinu, og aukabónusinn er svo, að þeir eru sjaldnast skeinuhættir viðkvæmri náttúru landsins. En það er einmitt áriðandi að gera út á fleira en falllegt landslag og sérstæða náttúru, sem þarf að fara varlega og vel með.

Og það er engin ástæða til að láta staðar numið við fundi og ráðstefnur, ýmsir aðrir atburðir geta laðað gesti hingað til okkar, svo sem móti af ýmsu tagi, skákmót, briddsmót og svo margvisleg áatakameiri móti, eins og handknattleikur eða keppnin um sterkastamann heims. Þá má nefna Reykjavíkurmarathon og Sólstöðugolfmótið á Akureyri, og margt fleira mætti reyna. Allt skapar þetta vinnu og dýrmætan gjaldeyri.

Svo má búa til atburði eða nýta þá, sem þegar eru fyrir hendi.

Listahátið er t.d. ótrúlega illa kynnt utan Íslands, en gæti áreiðanlega dregið fleiri að.

Hugmyndir eru uppi um ýmis önnur hátiðahöld, sem þættu forvitnileg, t.d. fiskihátið, þ.e. að hafa kannski eina viku, sem helguð væri þeirri ágætu skepnu, fiskinum, svona rétt eins og Þjóðverjar halda sína októberhátið með ótæpilegri bjórdrykkju.

Íslensk áramót eru farin að höfða til útlendinga og þykja mörgum sérstök. Um síðustu áramót voru hér nokkur hundruð útlendinga, aðallega Bretar, sem þótti sport i því að fagna nýju ári á íslenskan máta.

Íslenski hesturinn hefur líka mikið aðráttarafl, útlendingar sækja mikið í hestafærðir og hestamannamót, og fer það vaxandi.

Eg gef nú minna fyrir hugmyndir um nýtingu jólasveina, álfu og tröllu, en hins vegar líst mér afar vel á hugmynd um ljósmyndavinnuferðir, sem gætu laðað til okkar bestu ljósmyndara heims. Margir ljósmyndarar eru afskaplega hrifnir af skilyrðum hér til ljósmyndunar.

Pá þyrftum við að gera átak í að bæta söfmin okkar og byggja upp ný og hlúa að sögulegum minjum, en úrbætur á því sviði mundu væntanlega höfða mest til íslendinga sjálfrá.

Loks vil ég nefna einn þátt, sem ég hef tröllatrú á að gati malað okkur gull, og það er svokallaður heilsutúrismi, sem ég kann nú ekki betra orð yfir. Til þess að koma honum á þarf hins vegar mikið fé og góða skipulagningu. Ef ég réði yfir andvirköð einnar Perlu eða Ráðhúss, að ég nú ekki nefni eins álvers, eins og suma dreymir um á Vatnsleysuströndinni, þá væri ég ekki í vafa um, hvernig réttast væri að verja því fé. Ég mundi verja því til þess að reisa alhliða heilsuræktar- og heilsubótarstöð, t.d. í Svartsengi, þar sem orkan brýst um og hitinn kraumar undir niðri. Ef varið hefði verið álika miklum tíma og orku og fjármunum í það að sannfæra erlenda fjárfesta um arðsemi þess að reisa og reka slika heilsustöð í Svartsengi eins og eytt hefur verið í það vonlausá og beinlinis skaðlega dæmi, sem kennt er við Keilisnes, þá væru konur á Suðurnesjum ekki jafn illa settar og raun ber vitni.

Að lokum, konur góðar! "Það eru erfiðir timar, það er atvinnuþref", kvað Nóbelsskáldið forðum daga, og þau orð eiga svo sannarlega við einnig í dag. Framhaldið á hins vegar engan veginn við, hvað ferðaþjónustuna varðar, en eins og flestar okkar muna sjálfsagt, hljóða næstu 2 línum í þessu erindi Maistjörnunnar svor: "Ég hef ekkert að bjóða, ekki ögn sem ég gef".

Við höfum svo sannarlega ýmislegt að bjóða í ferðaþjónustu, og verði uppbyggingin á þann veg, sem stefnt er að, verða þar störf fyrir margar, margar konur.

Kristín Halldórsdóttir.